

Ed.

127. Frumvarp

til laga um manntal á Íslandi.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ár þau, er ártalið endar á 0, skal taka alment manntal um allt land. Skal það fara fram 1. desember eða annan dag, sem konungur ákveður, og skal því lokið þann sama dag, nema tálmanir, sem ekki verður við ráðið, banni. Skulu allir taldir þar sem þeir höfðu náttstað aðfaranótt manntalsdagsins, hvort sem þeir eiga þar heima eða ekki. Þó skal þeirra, sem að heiman eru aðfaranótt manntalsdagsins, einnig getið á heimili þeirra, með athugasemd um, að þeir sjeu fjarverandi. Hagstofa Íslands gerir fyrirmyndir að eyðublöðum undir manntalsskrárnar. Á þeim skal tilgreina fult nafn hvers manns, fæðingarár og dag, fæðingarstað, atvinnu og annað það, sem hagstofan í hvert sinn ákveður í samráði við þar til kjörna nefnd manna.

2. gr.

Í kaupstöðunum annast bæjarstjórnin um framkvæmd manntalsins, en annarsstaðar prestarnir með aðstoð hreppstjóra og hreppsnefnda. Áður en manntalið á fram að fara, skal skifta hverjum kaupstað og prestakalli í svo mörg umdæmi eða hverfi, að einn maður komist á einum degi yfir að telja alla þá, sem þar dvelja eða eru staddir, og afla um þá þeirra upplýsinga, sem krafist er. Teljarastarfið er trúnaðarstarf, sem enginn getur skorast undan, sem til þess er hæfur.

3. gr.

Að viðlagðri alt að 1000 kr. sekt er hver maður skyldur til að gefa fullnægjandi skýrslu um sjálfan sig og hagi sína til afnota við manntal það, sem lög þessi skipa fyrir um. Að viðlagðri sömu sekt er einnig hver húsráðandi skyldur til að gefa í sama skyni allar þær skýrslur um húsbúa sína og annað, sem hann getur í tje látið.

4. gr.

Störf presta og hreppstjóra við manntalið teljast til embættisverka þeirra, sem þeim ber ekkert kaup fyrir sjerstaklega. Teljarar geta heldur eigi krafist néns kaups fyrir starf sitt, en heimilt er þó bæjar- og sveitarstjórnnum, ef ástæða þykir til, að greiða þeim einhverja þóknun úr bæjar- eða sveitar-sjóði, og þaðan greiðist einnig annar kostnaður, sem verða kann við framkvæmd manntalsins í kaupstaðnum eða hreppnum.

5. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem með almenn lögreglumál.